

## REGLUGERÐ

### um markaði fyrir sýndareignir.

1. gr.

*Innleiðing.*

Ákvæði eftirfarandi reglugerða skulu gilda hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið:

- Framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1506 frá 22. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar tiltekna viðmiðanir fyrir flokkun eignatengdra tóka og rafeyristóka sem mikilvægra, með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2025 frá 19. september 2025. Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal 1 og reglugerðin sem fylgiskjal 2 með reglugerð þessari.
- Framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1507 frá 22. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar þær viðmiðanir og þætti sem Evrópsku verðbréfastofnuninni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum ber að taka tillit til í tengslum við heimildir til íhlutana, með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2025 frá 19. september 2025. Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal 1 og reglugerðin sem fylgiskjal 3 með reglugerð þessari.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. og 3. tölul. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 101/2025, um markaði fyrir sýndareignir, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 20. apríl 2026.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

*Steinar Örn Steinarsson.*

**Fylgiskjal 1.****ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 213/2025**

2026/EES/3/30

frá 19. september 2025

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1506 frá 22. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar tilteknar viðmiðanir fyrir flokkun eignatengdra tóka og rafeyristóka sem mikilvægra <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1507 frá 22. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar þær viðmiðanir og þætti sem Evrópsku verðbréfastofnuninni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum ber að taka tillit til í tengslum við heimildir til íhlutana <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2545 frá 24. september 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2902 frá 20. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar skýrslugjöf um eignatengda tóka og rafeyristóka tilgreinda í gjaldmiðli sem ekki er opinber gjaldmiðill aðildarríkis <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2984 frá 29. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar eyðublöð, snið og sniðmát fyrir hvítbækur um sýndareignir <sup>(5)</sup>.
- 6) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31r (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31ra. **32024 R 1506**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1506 frá 22. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar tilteknar viðmiðanir fyrir flokkun eignatengdra tóka og rafeyristóka sem mikilvægra (Stjtið. ESB L, 2024/1506, 30.5.2024).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/1506, 30.5.2024, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_del/2024/1506/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1506/oj)

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/1507, 30.5.2024, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_del/2024/1507/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1507/oj)

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/2545, 26.11.2024, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2024/2545/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2545/oj)

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/2902, 28.11.2024, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2024/2902/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2902/oj)

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/2984, 3.12.2024, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2024/2984/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2984/oj)

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 2. og 3. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“.

31rb. **32024 R 1507:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1507 frá 22. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar þær viðmiðanir og þætti sem Evrópsku verðbréfastofnuninni, Evrópsku banka-  
eftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum ber að taka tillit til í tengslum við heimildir til  
íhlutana (Stjtið. ESB L, 2024/1507, 30.5.2024).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 1. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.

b) Í 2. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðinu „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“.

31rc. **32024 R 2545:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2545 frá 24. september 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda (Stjtið. ESB L, 2024/2545, 26.11.2024).

31rd. **32024 R 2902:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2902 frá 20. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar skýrslugjöf um eignatengda tóka og rafeyristóka tilgreinda í gjaldmiðli sem ekki er opinber gjaldmiðill aðildarríkis (Stjtið. ESB L, 2024/2902, 28.11.2024).

31re. **32024 R 2984:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2984 frá 29. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar eyðublöð, snið og sniðmát fyrir hvítbækur um sýndareignir (Stjtið. ESB L, 2024/2984, 3.12.2024).“

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2024/1506 og (ESB) 2024/1507 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/2545, (ESB) 2024/2902 og (ESB) 2024/2984, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. september 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. september 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

Formaður

**Fylgiskjal 2.****FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2024/1506**

2026/EES/19/11

frá 22. febrúar 2024

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar  
tilteknar viðmiðanir fyrir flokkun eignatengdra tóka og rafeyristóka sem mikilvægra (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 <sup>(1)</sup>, einkum 11. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skulu viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr. 43. gr. þeirrar reglugerðar um flokkun eignatengdra tóka sem mikilvægra eignatengdra tóka einnig gilda um flokkun rafeyristóka sem mikilvægra rafeyristóka. Af þessum sökum er einnig nauðsynlegt að tilgreina nánar viðmiðanirnar sem um getur í e- og f-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 í tengslum við rafeyristóka.
- 2) Til að gera Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni kleift að ákvarða hvort starfsemi útgefanda eignatengda tókans eða rafeyristókans sé mikilvæg á alþjóðlegan mælikvarða utan Sambandsins, og hvort eignatengdir tókar eða rafeyristókar eða útgefendur þeirra teljist vera samtengdir við fjármálakerfið, er nauðsynlegt að greina á milli kjarna- og viðbótarvísa fyrir slíka ákvörðun. Kjarnavísar ættu að fanga þá þætti mikilvægra eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem skipta mestu máli. Meta ætti viðbótarvísa ef mat Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar á kjarnavísunum gerir henni ekki kleift að ákvarða á öyggiandi hátt að viðmiðanirnar sem um getur í e- og f-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 séu uppfylltar. Niðurstaða mikilvægismatsins ætti að vera háð heildstæðu mati á báðum tegundum vísa.
- 3) Að því er varðar matið á viðmiðuninni fyrir mikilvægi starfsemi útgefanda á alþjóðlegum mælikvarða utan Sambandsins, þ.m.t. notkun eignatengdra tóka eða rafeyristóka til greiðslna og peningasendinga, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að nota kjarnavísa sem varða starfsemi sem nær yfir landamæri milli Sambandsins og þriðju landa, umfang hlutaðeigandi tóka og starfsemi útgefanda á heimsvísu.
- 4) Viðskipti yfir landamæri, einkum þau sem tengjast notkun sem skiptimiðils, eru þau viðskipti í alþjóðlegri vídd sem eru líklegust til að valda áhættu fyrir fjármálastöðugleika, miðlun peningastefnu og peningalegt fullveldi Sambandsins. Þessi viðskipti endurspeglu einnig alþjóðlega starfsemi útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka á alþjóðlegum mælikvarða utan Sambandsins í tengslum við notkun þeirra til greiðslna og peningasendinga. Af þessum sökum ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að taka tillit til vísanna um umfang markaðshlutdeildar af virði viðskipta yfir landamæri með eignatengda tóka eða rafeyristóka inn í Sambandið og út úr því og umfang áætlaðrar markaðshlutdeildar af virði slíkra viðskipta sem tengjast notkun slíkra tóka sem skiptimiðils. Vísinn um umfang markaðshlutdeildar af virði viðskipta yfir landamæri með eignatengda tóka eða rafeyristóka ætti að skipta enn frekar niður í tvo aðgreinda undirvísa sem tengjast innstreymi viðskipta og útstreymi viðskipta þar sem áhrifin af hvorri tegund viðskipta á fjármálastöðugleika og peningalegt fullveldi getur verið mismunandi.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L, 2024/1506, 30.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 15.1.2026, bls. 49.

(1) Stjútíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj>.

- 5) Til að fanga þá þætti mikilvægis starfsemi útgefanda á alþjóðlegum mælikvarða sem ekki ná yfir landamæri ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin einnig að taka tillit til kjarnavísanna um markaðsverðmæti eignatengds tóka eða rafeyristóka á heimsvísu og til markaðsverðmæti allra eignatengdra tóka og rafeyristóka sem útgefandinn hefur gefið út. Markaðsverðmæti tóka á alþjóðlegan mælikvarða ber að skilja sem það taki til sama tóka sem gefinn er út utan Sambandsins til að greina það verðmæti frá markaðsverðmætinu sem um getur í b-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
- 6) Að því er varðar matið á viðmiðununum um mikilvægi samtengingar eignatengdra tóka eða rafeyristóka eða útgefenda þeirra við fjármálakerfið, eins og um getur í f-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, ættu vísarnir að fanga beina og óbeina samtengingu tókanna og útgefenda þeirra við fjármálakerfið. Bæði bein og óbein samtenging gæti haft í för með sér smitáhrif í báðar áttir, þ.e. frá útgefendum eignatengdra tóka og rafeyristóka til fjármálakerfisins og öfugt. Í þeim tilgangi er nauðsynlegt að setja fram kjarnavísana um mikilvægi þess hluta varasjóðs eigna, sem ekki flokkast sem innlán, sem eru fjármálagerningar sem gefnir eru út af fjármálastofnunum og um mikilvægi þess hluta eignarhlutdeildar útgefanda í hlutfalli við heildarframboð tiltekinna fjármálagerninga. Þar að auki ætti að setja fram eftirfarandi viðbótarvísa: fyrirkomulag eignarhalds á útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka, samþjöppun vörslu varasjóðseigna útgefanda og skörun varasjóðseigna útgefanda við varasjóðseignir útgefenda annarra eignatengdra tóka og rafeyristóka.
- 7) Mat á mikilvægi hluta varasjóðs eigna, sem ekki flokkast sem innlán, sem eru fjármálagerningar útgefna af fjármálastofnunum er lykilatriði við mat á samtengingu útgefandans við fjármálakerfið. Sá kjarnavísir ætti að mæla beina samtengingu við fjármálageirann um varasjóð eigna útgefandans. Erfiðleikar fjármálastofnana sem eru útgefendur fjármálagerninganna sem eru varasjóðseignir gætu haft áhrif á virði varasjóðseigna sem standa að baki kröfum eigenda tókanna á útgefandann um innlausn tókans. Við mat á þeim vísi ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að taka tillit til undirvísanna um hluta varasjóðseigna, sem ekki flokkast sem innlán, sem eru fjármálagerningar, hluta varasjóðseigna, sem ekki flokkast sem innlán, sem eru afleiður ef um er að ræða eignatengda tóka, eða hluta sértryggðra skuldabréfa ef um er að ræða rafeyristóka. Hluti varasjóðseigna, sem ekki flokkast sem innlán, sem eru afleiður og hluti sértryggðra skuldabréfa eru nauðsynlegir sem undirvísar þar sem mótaðilar afleiða gætu verið lánastofnanir og veðkall gæti því haft veruleg áhrif á fjármálakerfið og hins vegar gæti brunaútsala útgefandans á sértryggðum skuldabréfum haft neikvæð áhrif á lausafjárstöðu lánastofnana.
- 8) Kjarnavísirinn fyrir mikilvægi þess hluta sem er eignarhlutdeild útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka í hlutfalli við heildarframboð á tilteknum fjármálagerningum, þ.m.t. einingar í verðbréfasjóði og ríkisskuldabréf, ætti að fanga óbeina samtengingu milli útgefenda eignatengdra tóka og rafeyristóka annars vegar og fjármálakerfisins hins vegar. Slik óbein tenging gæti haft áhrif á hefðbundna fjármálakerfið, einkum ef útgefandi eignatengds tóka eða rafeyristóka er tilneyddur til að selja eignarhlutdeild sína á brunaútsölu vegna fjárhagserfiðleika. Sú sala gæti lækkað virði þessara eigna og haft óbein áhrif á fjármálastofnanir með lækkun á virði eigna í eigu þessara fjármálastofnana.
- 9) Útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka geta einnig verið samtengdir fjármálakerfinu í gegnum eignarhaldsfyrirkomulagið. Sá viðbótarvísir gæti veitt heildarsýn á möguleg áhrif fjárhagserfiðleika á fjármálakerfið, ekki aðeins með hliðsjón af áhættu fyrir fjármálastöðugleika, heldur einnig í tengslum við orðsporsáhættu. Fjárhagslegir erfiðleikar eða hætin tilvik hjá útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka gætu, fyrir milligöngu tengingar við útgefandann vegna fyrirkomulags eignarhalds, haft veruleg áhrif á stofnanir sem stunda aðra fjármálastarfsemi. Við mat á þeim vísi ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að beina athygli sinni að því hvort eignarhald á útgefandanum sé dreift eða samþjappað, hvort einstaklingar eða lögaðilar sem eiga virkan eignarhlut eru fjármálastofnanir og að flækjustigi eignarhaldsfyrirkomulags.

- 10) Önnur möguleg samtenging milli útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka annars vegar og fjármálakerfisins hins vegar getur orðið til vegna samþjöppunar varasjóðseigna hjá fáum fjármálastofnunum. Þeim mun fjölbreyttari sem varasjóðseignir útgefanda eru þeim mun minni verða möguleg smitáhrif og fjármálastöðugleikaáhætta hans minnkar. Af þeim sökum er úthlutun varasjóðseigna til fárra fjármálastofnana eða mikil samþjöppun þeirra vísbending um meiri samtengingu við fjármálakerfið. Vegna sérstaks mikilvægis samtengingar sem getur stafað af samþjöppun innstæða hjá lánastofnunum þykir rétt að koma á tveimur undirvísimum undir viðbótarvísinum um samþjöppun varasjóðseigna útgefandans hjá fjármálastofnunum. Annar undirvísirinn ætti að fanga samþjöppun varasjóðseigna í fjármálastofnunum og hinn undirvísirinn ætti aðeins að fanga innstæður hjá lánastofnunum.
- 11) Nauðsynlegt er að fanga smitáhrifin sem gætu komið upp við tilvik þar sem um er að ræða mismunandi útgefendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem eiga svipaðar eignir. Slíkar aðstæður gætu haft þau áhrif að fjárhagserfiðleikar og sala í kjölfar þeirra hjá einum útgefanda gætu haft neikvæð áhrif á aðra útgefendur. Af þessum sökum ætti að koma á viðbótarvísi um skörun eignasafna að því er varðar varasjóðseignir útgefanda við varasjóðseignir annarra útgefanda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „fjármálastofnun“: eitthvað af eftirfarandi:
  - a) lánastofnun,
  - b) verðbréfafyrirtæki,
  - c) rafeyrisfyrirtæki,
  - d) greiðslustofnun,
  - e) rekstrarfélag verðbréfasjóðs,
  - f) rekstraraðili sérhæfðs sjóðs,
  - g) váttryggingafélag eins og það er skilgreint í 1. lið 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB <sup>(2)</sup>,
  - h) endurtryggingafélag eins og það er skilgreint í 4. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB,
  - i) stofnun um starfstengdan lífeyri eins og hún er skilgreind í 1. lið 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 <sup>(3)</sup>,
- 2) „viðkomandi tímabil“: tímabilið sem um getur í a-lið 2. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eða tímabilið sem um getur í b-lið 2. mgr. 43. gr. þeirrar reglugerðar.

*2. gr.*

#### Vísar fyrir mat á mikilvægi á alþjóðlegum mælikvarða

1. Við mat á því hvort viðmiðanirnar sem settar eru fram í e-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eru uppfylltar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta alla eftirfarandi kjarnavísar:

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2009/138/oj>).

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtið. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2016/2341/oj>).

- a) mikilvægi markaðshlutdeildar af virði viðskipta yfir landamæri með eignatengda tóka eða rafeyristóka inn í Sambandið og út úr Sambandinu,
- b) mikilvægi markaðshlutdeildar af virði viðskipta yfir landamæri með eignatengda tóka eða rafeyristóka, inn í Sambandið og út úr Sambandinu, í tengslum við notkun sem skiptimiðill,
- c) markaðsverðmæti eignatengds tóka eða rafeyristóka á alþjóðlegan mælikvarða á síðasta almanaksdegi viðkomandi tímabils,
- d) markaðsverðmæti eignatengdra tóka eða rafeyristóka, sem gefnir eru út af hlutaðeigandi útgefanda eða útgefendum, á alþjóðlegan mælikvarða á síðasta almanaksdegi viðkomandi tímabils.

2. Að því er varðar ákvæði a-liðar 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til allra eftirfarandi undirvísa:

- a) markaðshlutdeild af virði viðskipta yfir landamæri með eignatengda tóka eða rafeyristóka inn í Sambandið og út úr Sambandinu (innstreymisviðskipti),
- b) markaðshlutdeild af virði viðskipta yfir landamæri með eignatengda tóka eða rafeyristóka inn í Sambandið og út úr Sambandinu (útsreymisviðskipti).

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út undirvísinn sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar í samræmi við eftirfarandi formúlu:

samanlagt heildarvirði viðskipta þar sem greiðandinn er utan Sambandsins og viðtakandi greiðslu er innan Sambandsins  
með tiltekinn eignatengdan tóka eða rafeyristóka á viðkomandi tímabili

---

samanlagt heildarvirði viðskipta þar sem greiðandinn er utan Sambandsins og viðtakandi greiðslu er innan Sambandsins  
með alla eignatengda tóka eða rafeyristóka á viðkomandi tímabili

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út undirvísinn sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar í samræmi við eftirfarandi formúlu:

samanlagt heildarvirði viðskipta þar sem greiðandinn er innan Sambandsins og viðtakandi greiðslu er utan Sambandsins  
með tiltekinn eignatengdan tóka eða rafeyristóka á viðkomandi tímabili

---

samanlagt heildarvirði viðskipta þar sem greiðandinn er innan Sambandsins og viðtakandi greiðslu er utan Sambandsins  
með alla eignatengda tóka eða rafeyristóka á viðkomandi tímabili

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út áætlaða markaðshlutdeild sem um getur í b-lið 1. mgr. í samræmi við eftirfarandi formúlu:

áætlað samanlagt heildarvirði viðskipta yfir landamæri með tiltekinn eignatengdan tóka eða rafeyristóka, inn í  
Sambandið og út úr Sambandinu, í tengslum við notkun tókans sem skiptimiðils á viðkomandi tímabili,

---

áætlað samanlagt heildarvirði viðskipta yfir landamæri með alla eignatengda tóka eða rafeyristóka, inn í Sambandið og  
út úr Sambandinu, í tengslum við notkun þeirra sem skiptimiðils á viðkomandi tímabili

## 3. gr.

**Vísar fyrir mat á samtengingu við fjármálakerfið**

1. Við mat á því hvort viðmiðanirnar sem settar eru fram í f-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 eru uppfylltar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta alla eftirfarandi kjarnavísa:

- a) umfang þess hluta varasjóðseigna, sem ekki flokkast sem innlán, sem stendur að baki eignatengdum tóka eða rafeyristóka sem eru fjármálagerningar útgefnir af fjármálastofnunum,
- b) umfang hlutdeildar eignarhluta útgefanda í hlutfalli við heildarframboð tiltekinnna fjármálagerninga.

2. Að því er varðar ákvæði a-liðar 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til eftirfarandi undirvísa:

- a) hluta varasjóðseigna, sem ekki flokkast sem innlán, sem stendur að baki eignatengdum tóka eða rafeyristóka sem eru fjármálagerningar útgefnir af fjármálastofnunum,
- b) ef um er að ræða eignatengda tóka, hluti varasjóðseigna eignatengds tóka, sem ekki flokkast sem innlán, sem er afleiður, eða
- c) ef um er að ræða rafeyristóka, hluti varasjóðseigna rafeyristóka, sem ekki flokkast sem innlán, sem er sértryggð skuldabréf.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út undirvísinn sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar miðað við síðasta almanaksdag viðkomandi tímabils í samræmi við eftirfarandi formúlu:

heildarvirði fjármálagerninga sem gefnir eru út af fjármálastofnunum sem eru hluti af varasjóði eigna fyrir eignatengda tókann eða rafeyristókann

(heildarvirði varasjóðs eigna fyrir eignatengda tókann eða rafeyristókann)-(heildarvirði innstæða í varasjóði eigna fyrir eignatengda tókann eða rafeyristókann)

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út undirvísinn sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar miðað við síðasta almanaksdag viðkomandi tímabils í samræmi við eftirfarandi formúlu:

heildarvirði afleiða sem eru hluti af varasjóði eigna fyrir eignatengda tókann

(heildarvirði varasjóðs eigna fyrir eignatengda tókann)-(heildarvirði innstæða í varasjóði eigna fyrir eignatengda tókann)

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út undirvísinn sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar miðað við síðasta almanaksdag viðkomandi tímabils í samræmi við eftirfarandi formúlu:

heildarvirði sértryggðra skuldabréfa sem gefin eru út af lánastofnunum sem eru hluti af varasjóði eigna fyrir rafeyristókann

(heildarvirði varasjóðs eigna fyrir rafeyristókann)-(heildarvirði innstæða í varasjóði eigna fyrir rafeyristókann)

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út hlutann af eignarhlutdeild útgefandans sem um getur í b-lið 1. mgr., að því er varðar síðasta almanaksdag viðkomandi tímabils í samræmi við eftirfarandi formúlu:

heildarvirði eignarhlutdeildar útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka í tiltekinni tegund fjármálagernings

heildarframboð á þeirri tegund fjármálagerninga

4. Ef matið á kjarnavísunum sem um getur í 1. mgr. leiðir ekki til endanlegrar ákvörðunar að því er varðar viðmiðun um samtengingu sem sett er fram í f-lið 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta alla eftirfarandi viðbótarvísa:

- a) fyrirkomulag eignarhalds á útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka,
- b) umfang samþjöppunar varasjóðseigna útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka hjá fjármálastofnunum,
- c) umfang skörunar eignasafna varasjóðseigna útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka við varasjóðseignir annarra útgefanda eignatengdra tóka og rafeyristóka.

5. Að því er varðar ákvæði a-liðar 4. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til alls eftirfarandi:

- a) hvort eignarhald á útgefandanum sé dreift eða samþjappað,
- b) hvort einstaklingur eða lögaðili sem á virkan eignarhlut sé fjármálastofnun,
- c) flækjustigs eignarhaldsfyrirkomulags.

6. Að því er varðar ákvæði b-liðar 4. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til allra eftirfarandi undirvísa:

- a) samþjöppun varasjóðseigna útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka hjá fjármálastofnunum,
- b) samþjöppun innstæða útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka hjá lánastofnunum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út undirvísinn sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar miðað við síðasta almanaksdag viðkomandi tímabils í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\text{Samþjöppun} = s_1^2 + s_2^2 + s_3^2 + \dots + s_n^2$$

þar sem  $s_n$  = hluti varasjóðseigna geymdar hjá fjármálastofnunum  $n$  (sett fram sem heil tala).

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út undirvísinn sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar miðað við síðasta almanaksdag viðkomandi tímabils í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\text{Samþjöppun} = c_1^2 + c_2^2 + c_3^2 + \dots + c_n^2$$

þar sem  $c_n$  = hluti varasjóðseigna geymdar hjá lánastofnunum  $n$  (sett fram sem heil tala).

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna út viðbótarvísinn sem um getur í c-lið 4. mgr. miðað við síðasta almanaksdag viðkomandi tímabils í samræmi við eftirfarandi formúlu:

heilðarvirði varasjóðseigna fyrir eignatengdan tóka eða rafeyristóka sem einnig eru geymdar í varasjóði eigna annarra útgefanda eignatengdra tóka eða rafeyristóka

---

heilðarvirði varasjóðseigna fyrir eignatengda tókann eða rafeyristókann

4. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. febrúar 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

**Fylgiskjal 3.****FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2024/1507**

2026/EES/19/12

frá 22. febrúar 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar þær viðmiðanir og þætti sem Evrópsku verðbréfastofnuninni, Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum ber að taka tillit til í tengslum við heimildir til íhlutana (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (1), einkum 103. gr. (8. mgr.), 104. gr. (8. mgr.) og 105. gr. (7. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Tilgreina ætti þær viðmiðanir og þætti sem lögbærum yfirvöldum, Evrópsku verðbréfamarkaðsefirlitsstofnuninni og Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni ber að taka tillit til við ákvörðun á því hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfesta eða ógn við eðlilega virkni og heilleika markaða fyrir sýndareignir eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu eða a.m.k. einu aðildarríki til að tryggja samræmda nálgun og gera kleift að grípa til viðeigandi aðgerða þegar óvæntir óhagstæðir atburðir eða óhagstæð þróun á sér stað. Lögbæru yfirvöldin, Evrópska verðbréfamarkaðsefirlitsstofnunin og Evrópska bankaefirlitsstofnunin ættu að tilgreina viðmiðanirnar og þættina sem skipta máli fyrir tiltekin tilvik og framkvæma síðan mat á þessum viðmiðunum og þáttum sem taldir eru skipta mestu máli fyrir þau tilvik. Það ætti ekki að koma í veg fyrir það að lögbæru yfirvöldin, Evrópska verðbréfamarkaðsefirlitsstofnunin og Evrópska bankaefirlitsstofnunin geti beitt tímabundinni íhlutun ef aðeins einn af þessum þáttum eða ein af þessum viðmiðunum hefur í för með sér áhyggjuefni eða ógn.
- Ákvæði þessarar reglugerðar eru nátengd þar sem þau fjalla um vald til afurðaihlutunar sem bæði er falið lögbærum yfirvöldum, Evrópsku verðbréfamarkaðsefirlitsstofnuninni og Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða sem taka ættu gildi á sama tíma og til að auðvelda hagsmunaaðilum að hafa heildarsýn yfir viðmiðanirnar, einkum Evrópsku verðbréfaefirlitsstofnuninni, Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum sem beita valdheimildum til inngripa, er nauðsynlegt að láta eina framselda reglugerð ná yfir þessi ákvæði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

**Viðmiðanir og þættir sem varða heimildir Evrópsku verðbréfamarkaðsefirlitsstofnunarinnar  
til tímabundinnar íhlutunar**

Evrópska verðbréfamarkaðsefirlitsstofnunin skal taka tillit til eftirfarandi þátta og viðmiðana í þeim tilgangi að ákvarða hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilleika markaða með sýndareignir eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu:

- flækjustígs sýndareignarinnar, annarrar en eignatengds tóka eða rafeyristóka, eða tegundar starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka í tengslum við tegund viðskiptavinar, eins og það er metið í samræmi við c-lið, sem tekur þátt í starfseminni eða venjunni, eða sem önnur sýndareign en eignatengdur tóki eða rafeyristóki er markaðssett fyrir eða seld til, einkum að teknu tilliti til eftirfarandi:

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/1507, 30.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins* nr. 3, 15.1.2026, bls. 49.

(1) Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj>.

- i. gagnsæis kostnaðar og gjalda tengdum öðrum sýndareignum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum, starfsemi eða framkvæmd í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka og einkum skort á gagnsæi vegna marglaga kostnaðar og gjalda,
  - ii. eðlis og umfangs hvers konar áhættu,
  - iii. hvort sýndareignin, önnur en eignatengdur tóki eða rafeyristóki, eða þjónusta er í pakka með öðrum afurðum eða annarri þjónustu,
  - iv. þess hve flóknir skilmálarnir eru,
- b) alvarleika mögulegra skaðlegra áhrifa, með tilliti til eftirfarandi:
- i. fjölda viðskiptavina, eigenda tóka eða markaðsaðila sem hlut eiga að máli,
  - ii. þess hve stóru hlutfalli afurðin nemur af eignasöfnum fjárfesta,
  - iii. líkanna á, umfangs og eðlis hvers konar skaða, þ.m.t. fjárhæð mögulegs taps,
  - iv. hve lengi áætlað er að skaðlegar afleiðingar vari,
  - v. stærðar útgáfunnar,
  - vi. fjölda milliliða sem hlut eiga að máli,
  - vii. vaxtar markaðarins eða sölu,
  - viii. meðalfjárhæðar sem hver viðskiptavinur fjárfestir í öðrum sýndareignum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum,
- c) tegundar viðskiptavina sem taka þátt í starfsemi eða framkvæmd í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka eða sem önnur sýndareign en eignatengdur tóki eða rafeyristóki er markaðssettur fyrir eða seldur til, með tilliti til eftirfarandi:
- i. hvort viðskiptavinurinn sé almennur eigandi eða hæfur fjárfestir,
  - ii. kunnáttu og hæfni viðskiptavina, þ.m.t. menntunarstig, reynsla af svipuðum sýndareignum öðrum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum eða söluaðferðum,
  - iii. fjárhagsstöðu viðskiptavina, þ.m.t. tekna og eigna,
  - iv. fjárhagslegra meginmarkmiða viðskiptavina, þ.m.t. lífeyrissparnaðar og fjármögnunar húsnæðiskaupa,
- d) gagnsæis annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka eða tegund starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka, með tilliti til eftirfarandi:
- i. falins kostnaðar og gjalda,
  - ii. notkunar aðferða sem vekja athygli viðskiptavina en endurspeгла ekki endilega hæfi eða heildargæði afurðarinnar eða þjónustunnar,
  - iii. eðlis áhættu og gagnsæis áhættu,
  - iv. notkunar afurðaheita eða hugtaka eða annarra upplýsinga sem gefa í skyn meira öryggi eða ávöxtun en eru raunverulega möguleg eða líkleg, eða sem gefa í skyn eiginleika afurðar sem eru ekki fyrir hendi,
  - v. notkunar óheiðarlegra, óskýrra eða villandi upplýsinga í samskiptum,
- e) sérstakra eiginleika eða þátta annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka eða starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka,
- f) það hvort og hve mikið misræmi er milli væntrar ávöxtunar eða hagnaðar fyrir fjárfesta og hættu á tapi í tengslum við aðra sýndareign en eignatengdan tóka eða rafeyristóka eða starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til eftirfarandi:
- i. samsetningarkostnaðar slíkra sýndareigna annarra en eignatengdra tóka eða rafeyristóka, starfsemi eða framkvæmdar og annars kostnaðar,
  - ii. misræmis í tengslum við útgefandaáhættu sem útgefandinn ber eða
  - iii. áhættu/ávöxtunarmyndar eða áhættu/ávinningsmyndar,

- g) hversu auðvelt það er fyrir fjárfesta að selja viðkomandi sýndareign aðra en eignatengdan tóka eða rafeyristóka eða skipta henni fyrir aðra sýndareign eða afurð og kostnaðinn við það, einkum með tilliti til eftirfarandi:
- i. verðbils kaup- eða sölutilboða,
  - ii. tíðni viðskiptamöguleika,
  - iii. stærðar útgáfu og stærðar eftirmarkaðar,
  - iv. þess hvort veitendur seljanleika (e. *liquidity providers*) eða viðskiptavakar eftirmarkaðar eru til staðar eða ekki,
  - v. eiginleika viðskiptakerfisins,
  - vi. annarra útgönguhindrana,
- h) verðlagningar og tengds kostnaðar annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka eða starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til annars hvors eftirfarandi:
- i. notkunar falinna gjalda eða aukagjalda,
  - ii. gjalda sem endurspegla ekki þjónustustigið sem veitt er,
- i) söluaðferða í tengslum við aðra sýndareign en eignatengdan tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til eftirfarandi:
- i. samskipta- og dreifingarleiða sem notaðar eru,
  - ii. upplýsinga-, markaðs- eða annars kynningarefnis í tengslum við fjárfestinguna,
  - iii. fyrirhugaðs tilgangs fjárfestingar,
  - iv. þess hvort ákvörðun um að kaupa er önnur eða þriðja í röðinni í kjölfar fyrri kaupa,
- j) fjárhags- og rekstrarstöðu útgefanda eða þjónustuveitanda annarrar sýndareignar en eignatengds tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til annars hvors eftirfarandi:
- i. fjárhagsstöðu útgefanda eða veitanda þjónustu í tengslum við aðra sýndareign en eignatengdan tóka eða rafeyristóka,
  - ii. gagnsæis rekstrarstöðu útgefanda eða veitanda þjónustu í tengslum við aðra sýndareign en eignatengdan tóka eða rafeyristóka,
- k) hvort upplýsingar sem annað hvort útgefandinn, tilboðsgjafinn eða þjónustuveitandinn veitir um aðra sýndareign en eignatengdan tóka eða rafeyristóka til að gera markaðsaðilum sem hún er ætluð kleift að taka upplýsta ákvörðun, með tilliti til eðlis og tegundar sýndareignarinnar sem ekki er eignatengdur tóki eða rafeyristóki, eru ófullnægjandi eða óáreiðanlegar,
- l) hvort sýndareignin, sem er hvorki eignatengdur tóki né rafeyristóki, eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka hafi í för með sér mikla áhættu fyrir árangur af viðskiptum sem þátttakendur eða fjárfestar á viðkomandi markaði stofna til,
- m) það hvort starfsemin eða venjan í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka dregur verulega úr heilbrigði verðmyndunarferlisins á viðkomandi markaði, þannig að verð eða virði viðkomandi sýndareignar, sem ekki er eignatengdur tóki eða rafeyristóki, lúti ekki lengur eðlilegum markaðslögmálum framboðs og eftirspurnar eða markaðsaðilar geti ekki lengur reitt sig á verð sem myndast á þeim markaði eða á magn viðskipta sem grundvöll fyrir fjárfestingar-ákvæðanir sínar,
- n) það hvort eiginleikar annarrar sýndareignar en eignatengds tóka eða rafeyristóka gera þá afurð sérstaklega til þess fallna að vera notuð í efnahagsbrotum, einkum hvort viðkomandi eiginleikar gætu mögulega ýtt undir notkun sýndareignarinnar, sem er hvorki eignatengdur tóki né rafeyristóki, til eftirfarandi:
- i. svika eða óheiðarlegs athæfis,
  - ii. misferlis með eða misnotkunar á upplýsingum í tengslum við fjármálamarkað,
  - iii. meðhöndlunar ávinnings af afbroti,

- iv. fjármögnunar hryðjuverka eða
- v. þess að auðvelda peningþvætti,
- o) hvort starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við sýndareignir, sem eru hvorki eignatengdir tókar né rafeyristókar, hafi í för með sér mikla áhættu fyrir viðnámsbrótt eða snurðulausa starfsemi markaða og innviði þeirra,
- p) hvort sýndareignin, sem er hvorki eignatengdur tóki né rafeyristóki, eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka hafi í för með sér mikla hættu á röskun fyrir fjármálastofnanir sem taldar eru mikilvægar fyrir fjármálakerfi Sambandsins,
- q) mikilvægis dreifingar annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka til fjármögnunar fyrir útgefandann,
- r) hvort sýndareignin, sem er hvorki eignatengdur tóki né rafeyristóki, eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka hafi í för með sér áhættu fyrir markaðinn eða undirliggjandi innviði hans, þ.m.t. dreifða færsluskrártækni sem notuð er til að gefa eignirnar út, geyma þær og millifæra,
- s) hvort sýndareignin, sem er hvorki eignatengdur tóki né rafeyristóki, eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka gæti ógnað tiltrú fjárfesta á fjármálakerfið.

2. gr.

#### **Viðmiðanir og þættir sem varða heimildir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til tímabundinnar íhlutunar**

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka tillit til eftirfarandi þátta og viðmiðana til að ákvarða hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilleika markaða með sýndareignir eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu:

- a) flækjustígs eignatengda tókans eða rafeyristókans eða tegundar starfsemi eða framkvæmd í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka í tengslum við tegund viðskiptavinar, eins og það er metið í samræmi við c-lið, sem tekur þátt í starfseminni eða framkvæmd, einkum að teknu tilliti til eftirfarandi:
  - i. gagnsæis kostnaðar og gjalda tengdum eignatengda tókanum eða rafeyristókanum, starfseminni eða framkvæmdinni í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka og einkum skort á gagnsæi vegna marglaga kostnaðar og gjalda,
  - ii. eðlis og umfangs hvers konar áhættu,
  - iii. stærðar og samsetningar varasjóðs eigna eins og um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,
  - iv. hvort eignatengdi tókinn eða rafeyristókinn eða þjónustan er í pakka með öðrum afurðum eða tengd við aðrar þjónustur,
  - v. þess hve flóknir skilmálarnir eru,
- b) alvarleika mögulegra skaðlegra áhrifa, einkum með tilliti til eftirfarandi:
  - i. viðmiðunargildis eignatengda tókans eða rafeyristókans,
  - ii. fjölda viðskiptavina, eigenda tóka eða markaðsaðila sem hlut eiga að máli,
  - iii. hlutfall eignatengda tókans eða rafeyristókans í eignasafni fjárfestis,
  - iv. líkanna á, umfangs og eðlis hvers konar skaða, þ.m.t. fjárhæð mögulegs taps,
  - v. hve lengi áætlað er að skaðlegar afleiðingar vari,
  - vi. stærðar útgáfunnar,
  - vii. fjölda milliliða sem hlut eiga að máli,
  - viii. vaxtar markaðarins eða sölu,
  - ix. meðalfjárhæðar sem hver viðskiptavinur fjárfestir í eignatengda tókanum eða rafeyristókanum,

- c) tegundar viðskiptavina sem taka þátt í starfsemi eða framkvæmd í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka eða sem eignatengdur tóki eða rafeyristóki er markaðssettur fyrir eða seldur til, einkum með tilliti til eftirfarandi:
- i. hvort viðskiptavinurinn sé almennur eigandi eða hæfur fjárfestir,
  - ii. kunnáttu og hæfni viðskiptavina, þ.m.t. menntunarstigs, reynslu af svipuðum afurðum eða söluaðferðum,
  - iii. fjárhagsstöðu viðskiptavina, þ.m.t. tekna og eigna,
  - iv. fjárhagslegra meginmarkmiða viðskiptavina, þ.m.t. lífeyrissparnaðar og fjármögnunar húsnæðiskaupa,
- d) gagnsæis eignatengda tókans eða rafeyristókans eða tegundar starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til:
- i. falins kostnaðar og gjalda,
  - ii. notkunar aðferða sem vekja athygli viðskiptavina en endurspegla ekki endilega hæfi eða heildargæði afurðarinnar eða þjónustunnar,
  - iii. eðlis áhættu og gagnsæis áhættu,
  - iv. notkunar afurðaheita eða hugtaka eða annarra upplýsinga sem eru misvísandi með því að gefa í skyn meira öryggi eða ávöxtun en raunverulega eru möguleg eða líkleg, eða gefa í skyn eiginleika afurðar sem eru ekki fyrir hendi,
  - v. notkunar óheiðarlegra, óskýrra eða villandi upplýsinga í samskiptum,
- e) sérstakra eiginleika eða þátta eignatengda tókans eða rafeyristókans eða starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka,
- f) það hvort og hve mikið misræmi er milli væntrar ávöxtunar eða hagnaðar fyrir fjárfesta og hættu á tapi í tengslum við eignatengda tókann eða rafeyristókann eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til eftirfarandi:
- i. samsetningarkostnaðar slíkra eignatengdra tóka eða rafeyristóka, starfsemi eða framkvæmdar og annars kostnaðar,
  - ii. misræmis í tengslum við útgefandaáhættu sem útgefandinn ber,
  - iii. áhættu/ávöxtunarmyndar eða áhættu/ávinningismyndar,
- g) hversu auðvelt það er fyrir fjárfesta að selja viðkomandi eignatengdan tóka eða rafeyristóka eða skipta honum fyrir annan eignatengdan tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til eftirfarandi:
- i. seljanleika eignatengda tókans eða rafeyristókans á markaði,
  - ii. tíðni viðskiptamöguleika,
  - iii. stærðar útgáfu og stærðar eftirmarkaðar,
  - iv. þess hvort veitendur seljanleika eða viðskiptavakar eftirmarkaðar eru til staðar eða ekki,
  - v. eiginleika viðskiptakerfisins,
  - vi. annarra útgönguhindrana,
- h) gagnsæis og tengds kostnaðar við eignatengda tókann eða rafeyristókann eða tegundar starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til annars hvors eftirfarandi:
- i. notkunar falinna gjalda eða aukagjalda,
  - ii. gjalda sem endurspegla ekki þjónustustigið sem veitt er,
- i) söluaðferða í tengslum við eignatengdan tókann eða rafeyristókann, einkum að teknu tilliti til eftirfarandi:
- i. samskipta- og dreifingarleiða sem notaðar eru,
  - ii. upplýsinga-, markaðs- eða annars kynningarefnis í tengslum við fjárfestinguna,
  - iii. fyrirhugaðs tilgangs fjárfestingar,
  - iv. þess hvort ákvörðun um að kaupa sé önnur eða þriðja í röðinni í kjölfar fyrri kaupa,

- j) fjárhags- og rekstrarstöðu útgefanda eða þjónustuveitanda eignatengds tóka eða rafeyristóka, einkum með tilliti til annars hvors eftirfarandi:
- i. fjárhagsstöðu útgefanda eða veitanda þjónustu í tengslum við eignatengda tókann eða rafeyristókann,
  - ii. gagnsæi rekstrarstöðu útgefanda eða veitanda þjónustu í tengslum við eignatengda tókann eða rafeyristókann,
- k) hvort upplýsingar sem annað hvort útgefandinn, tilboðsgjafinn eða þjónustuveitandinn veitir um eignatengdan tóka eða rafeyristóka til að gera markaðsaðilum sem hún er ætluð kleift að taka upplýsta ákvörðun, með tilliti til eðlis og tegundar eignatengda tókans eða rafeyristókans, eru ófullnægjandi eða óáreiðanlegar,
- l) hvort eignatengdi tókinn eða rafeyristókinn eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka hafi í för með sér mikla áhættu fyrir árangur af viðskiptum sem þátttakendur eða fjárfestar á viðkomandi markaði stofna til,
- m) hvort eignatengdi tókinn eða rafeyristókinn eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka myndi gera hagkerfi Sambandsins viðkvæmt fyrir áhættu,
- n) það hvort eiginleikar eignatengds tóka eða rafeyristóka gera þá afurð sérstaklega til þess fallna að vera notuð í efnahagsbrotum, einkum hvort viðkomandi eiginleikar gætu mögulega ýtt undir notkun eignatengdra tóka eða rafeyristóka til:
- i. svika eða óheildarlegs athæfis,
  - ii. misferlis með eða misnotkunar á upplýsingum í tengslum við fjármálamarkað,
  - iii. meðhöndlunar ávinnings af afbroti,
  - iv. fjármögnunar hryðjuverka,
  - v. þess að auðvelda peningabætti,
- o) hvort starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka hafi í för með sér mikla áhættu fyrir viðnámsþrótt eða snurðulausa starfsemi markaða, greiðslukerfi og innviði þeirra,
- p) hvort eignatengdi tókinn eða rafeyristókinn eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka hafi í för með sér mikla hættu á röskun fyrir fjármálastofnanir sem taldar eru mikilvægar fyrir fjármálakerfi Sambandsins,
- q) mikilvægis dreifingar eignatengda tókans eða rafeyristókans til fjármögnunar fyrir útgefandann,
- r) hvort eignatengdi tókinn eða rafeyristókinn eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka gerir hagkerfi Sambandsins viðkvæmt fyrir áhættu,
- s) hvort eignatengdur tóki eða rafeyristóki eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka gæti ógnað tiltrú fjárfesta á fjármálakerfið.

### 3. gr.

#### **Viðmiðanir og þættir í tilgangi íhlutunar lögbærra yfirvalda**

Lögbær yfirvöld skulu taka tillit til eftirfarandi þátta og viðmiðana til að ákvarða hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilleika markaða með sýndareignir eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í a.m.k. einu aðildarríki:

- a) það hve flókin sýndareignin eða tegund starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við sýndareignina er miðað við þá tegund viðskiptavina, samkvæmt mati í samræmi við c-lið, sem koma að starfseminni eða framkvæmdinni eða sem sýndareignin er markaðssett eða seld til, einkum með tilliti til:
- i. gagnsæis gjalda og kostnaðar tengdum sýndareigninni, starfseminni eða framkvæmdinni í tengslum við sýndareignir og, sér í lagi, skorts á gagnsæi vegna marglaga kostnaðar og gjalda,
  - ii. eðlis og umfangs hvers konar áhættu,

- iii. stærðar og traustleika varasjóðs eigna eins og tilgreint er nánar í tæknilega eftirlitsstöðlunum sem gefnir eru út skv. 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,
  - iv. þess hvort sýndareignin eða þjónustan er samþætt öðrum afurðum eða þjónustu,
  - v. þess hve flóknir skilmálarnir eru,
- b) alvarleika mögulegra skaðlegra afleiðinga, einkum með tilliti til eftirfarandi:
- i. undirliggjandi verðmætis sýndareignarinnar,
  - ii. fjölda viðskiptavina, eigenda tóka eða markaðsaðila sem hlut eiga að máli,
  - iii. þess hve stóru hlutfalli afurðin nemur af eignasöfnum fjárfesta,
  - iv. líkanna á, umfangs og eðlis hvers konar skaða, þ.m.t. fjárhæð mögulegs taps,
  - v. hve lengi áætlað er að skaðlegar afleiðingar vari,
  - vi. stærðar útgáfunnar,
  - vii. fjölda milliliða sem hlut eiga að máli,
  - viii. vaxtar markaðarins eða sölu,
  - ix. meðalfjárhæðar sem hver viðskiptavinur fjárfestir fyrir í sýndareigninni,
- c) tegundar viðskiptavina sem taka þátt í starfsemi eða framkvæmd í tengslum við sýndareignir eða sem sýndareign er markaðssett fyrir eða seld til, einkum með tilliti til eftirfarandi:
- i. hvort viðskiptavinurinn sé almennur eigandi eða hæfur fjárfestir,
  - ii. kunnáttu og hæfni viðskiptavina, þ.m.t. menntunarstigs, reynslu af svipuðum sýndareignum eða söluaðferðum,
  - iii. fjárhagsstöðu viðskiptavina, þ.m.t. tekna og eigna,
  - iv. fjárhagslegra meginmarkmiða viðskiptavina, þ.m.t. lífeyrissparnaðar og fjármögnunar húsnaðiskaupa,
- d) gagnsæi sýndareignar eða tegundar starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við sýndareignir, einkum með tilliti til eftirfarandi:
- i. falins kostnaðar og gjalda,
  - ii. notkunar aðferða sem vekja athygli viðskiptavina en endurspeglar ekki endilega hæfi eða heildargæði afurðarinnar eða þjónustunnar,
  - iii. eðlis áhættu og gagnsæis áhættu,
  - iv. notkunar afurðaheita eða hugtaka eða annarra upplýsinga sem eru misvísandi með því að gefa í skyn meira öryggi eða ávöxtun en raunverulega eru möguleg eða líkleg, eða gefa í skyn eiginleika afurðar sem eru ekki fyrir hendi,
  - v. notkunar óheiðarlegra, óskýrra eða villandi upplýsinga í samskiptum,
- e) sérstakra eiginleika eða þátta sýndareignarinnar eða starfseminnar eða framkvæmdarinnar í tengslum við sýndareignir,
- f) það hvort og hve mikið misræmi er milli væntrar ávöxtunar eða hagnaðar fyrir fjárfesta og hættu á tapi í tengslum við sýndareignina eða starfsemi eða venju í tengslum við sýndareignir, einkum með tilliti til eftirfarandi:
- i. samsetningarkostnaðar slíkra sýndareigna, starfsemi eða framkvæmdar og annars kostnaðar,
  - ii. misræmis í tengslum við útgefandaáhættu sem útgefandinn ber,
  - iii. áhættu/ávöxtunarmyndar eða áhættu/ávinningamyndar,
- g) kostnaðar og það hve auðvelt er fyrir fjárfesta að selja viðkomandi sýndareign eða skipta yfir í aðra sýndareign, einkum með tilliti til:
- i. verðbils kaup- eða sölutilboða,
  - ii. seljanleika sýndareigna á markaði,
  - iii. tíðni viðskiptamöguleika,
  - iv. stærðar útgáfu og stærðar eftirmarkaðar,
  - v. þess hvort veitendur seljanleika eða viðskiptavakar eftirmarkaðar eru til staðar eða ekki,

- vi. eiginleika viðskiptakerfisins,
- vii. annarra útgönguhindrana,
- h) verðlagningu og tengdan kostnað sýndareignar eða tegundar starfsemi eða framkvæmdar í tengslum við sýndareignir, einkum með tilliti til annars hvors eftirfarandi:
  - i. notkunar falinna gjalda eða aukagjalda,
  - ii. gjalda sem endurspegla ekki þjónustustigið sem veitt er,
- i) söluaðferðir í tengslum við sýndareignina, einkum með tilliti til:
  - i. samskipta- og dreifingarleiða sem notaðar eru,
  - ii. upplýsinga-, markaðs- eða annars kynningarefnis í tengslum við fjárfestinguna,
  - iii. fyrirhugaðs tilgangs fjárfestingar,
  - iv. þess hvort ákvörðun um að kaupa er önnur eða þriðja í röðinni í kjölfar fyrri kaupa,
- j) fjárhags- og rekstrarstöðu útgefanda eða þjónustuveitanda sýndareignar, einkum með tilliti til annars hvors eftirfarandi:
  - i. fjárhagsstöðu útgefanda eða þjónustuveitanda sýndareignar,
  - ii. gagnsæis rekstrarstöðu útgefanda eða þjónustuveitanda sýndareignar,
- k) það hvort upplýsingar sem annaðhvort útgefandi eða tilboðsgjafi eða þjónustuveitandi veitir um sýndareign til að gera markaðsaðilum sem hún er ætluð kleift að taka upplýsta ákvörðun, með tilliti til eðlis og tegundar sýndareignar, eru ófullnægjandi eða óáreiðanlegar,
- l) það hvort sýndareignin eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við sýndareignir felur í sér mikla áhættu fyrir árangur viðskipta sem þátttakendur eða fjárfestar á viðkomandi markaði stofna til,
- m) það hvort starfsemin eða framkvæmdin dregur verulega úr heilbrigði verðmyndunarferlisins á viðkomandi markaði, þannig að verð eða virði viðkomandi sýndareignar lúti ekki lengur eðlilegum markaðslögmálum framboðs og eftirspurnar eða markaðsaðilar geti ekki lengur reitt sig á verð sem myndast á þeim markaði eða á magn viðskipta sem grundvöll fyrir fjárfestingarákvarðanir sínar,
- n) hvort sýndareignin eða starfsemin eða framkvæmdin í tengslum við sýndareignir myndi gera hagkerfi landsins viðkvæmt fyrir áhættu,
- o) það hvort eiginleikar sýndareignar gera hana sérstaklega til þess fallna að vera notuð í efnahagsbrotum, einkum hvort viðkomandi eiginleikar gætu mögulega ýtt undir notkun sýndareignarinnar til:
  - i. svika eða óheiðarlegs athæfis,
  - ii. misferlis með eða misnotkunar á upplýsingum í tengslum við fjármálamarkað,
  - iii. meðhöndlunar ávinnings af afbroti,
  - iv. fjármögnunar hryðjuverka,
  - v. þess að auðvelda peningþvætti,
- p) það hvort sýndareign eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við sýndareignir felur í sér sérstaklega mikla áhættu fyrir viðnámsþrótt eða snurðulausa starfsemi markaða og innviða þeirra,
- q) hvort sýndareignin eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við sýndareignir felur í sér mikla hættu á röskun fyrir fjármálastofnanir sem taldar eru mikilvægar fyrir fjármálakerfi aðildarríkis viðkomandi lögbærs yfirvalds,
- r) mikilvægi dreifingar sýndareignarinnar sem fjármögnunarleiðar fyrir útgefandann,
- s) það hvort sýndareign eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við sýndareignir felur í sér sérstaka áhættu fyrir markaðinn eða innviði greiðslukerfa, þ.m.t. viðskipta-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfi,
- t) hvort sýndareign eða starfsemi eða framkvæmd í tengslum við sýndareignir gæti ógnað tiltrú fjárfesta á fjármálakerfið.

4. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. febrúar 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

B-deild – Útgáfudagur: 30. apríl 2026